

VII. KAFLI
VIÐURLÖG GILDISTAKA OG FLEIRA.

34. gr.

Brot gegn reglum þessum varða afturköllun leyfa, synjun frekari leyfa og sektum eða varðhaldi.

35. gr.

Eftirlit með því að framangreindum reglum sé framfylgt er í höndum flugmálastjórnar. Getur flugmálastjórn krafid flytjanda, leigutaka eða farþega um þær upplýsingar sem þörf er talin á, til að ganga úr skugga um að ekki sé um ólögmaett athæfi að ræða.

36. gr.

Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar ef sérstökum ástæðum er til að dreifa.

37. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

**um breyting á reglum nr. 23 29. janúar 1982 um bráðabirgða-
tollafgreiðslu gegn fjártryggingu.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Greiðsla skv. 1. gr. skal vera útreiknuð ríkissjóðsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 5000 krónur.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Fyrir tollmeðferð vöru samkvæmt reglum þessum skal greiða til viðkomandi tollstjóra-embættis sérstakt afgreiðslugjald, 500 krónur, sem greiðist við fullnaðartollafgreiðslu vöru og rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. og 23. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toleftirlit með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.